



# Fréttabréf Landfræðifélagsins



1. tbl. 1. árg. maí 1985.

## FRÉTTIR AF AÐALFUNDI.

Aðalfundur Landfræðifélagsins var haldinn á Hótel Loftleiðum 18. maí s.l. Fundarstjóri var Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og fundarritari Sigríður Haraldsdóttir.

Í upphafi fundar gerði formaður félagsins, Guðrún Ólafsdóttir grein fyrir starfseminni á liðnu starfsári. Þar kom m.a. fram að í upphafi starfsársins var haldin ráðstefna um landafræði í framhaldsskólum og um leið var efnt til sýningar á kennslubókum í landafræði. Fjórir fræðslufundir voru haldnir á vegum félagsins, en fyrirhuguð haustferð félagsins féll niður vegna dræmrar þátttöku. Hvað varðar Íslandsbókina þá fékkst endanlegt svar á árinu frá Iðunni um að þeir hygðust ekki gefa út bókina, í framhaldi af því er nú verið að athuga með möguleika á því að Námsgagnastofnun taki þetta verk að sér. Tvö myndarleg hefti af Landabréfinu komu út á þessu ári.

Ný stjórn var kosin á fundinum og var Tryggvi Jakobsson kjörinn formaður. Endurskoðendur voru kosnir og eru þeir, Guðrún Ólafsdóttir, Bjarni Reynarsson, Ólafur H. Óskarsson og Emil Bóasson.

Á fyrsta stjórnarfundum félagsins var verkaskipting innan stjórnar ákveðin og er hún þessi:

Formaður: Tryggvi Jakobsson  
Varaformaður: Sigríður Haraldsdóttir  
Gjaldkeri: Einar Egilsson  
Ritari: Karl Kristjánsson  
Meðstjórnendur: Árni Stefánsson  
Elín Erlingsdóttir  
Salvör Jónsdóttir

Nokkrar breytingar urðu á ritstjórn en hana skipa nú, Magnús B. Baldursson, Ólafur H. Óskarsson, Bryndís Róbertsdóttir og Jón C. Jónsson.

Félagsgjöld voru ákveðin 350 krónur.

Guðrún Ólafsdóttir lagði fram tillögu um breytingar á fréttabréfi félagsins á þá leið að fréttabréfið skuli í framtíðinni koma út sem fjórblöðungur á hverju hausti, þegar vetrardagskráin liggur fyrir, og svo oft sem þurfa þykir og skal útgáfa þess vera í höndum stjórnarinnar. Landabréfið skuli, hins vegar, koma út tvisvar á ári og flytja greinar, viðtöl, ritfregnir og lengri fréttir og fréttapistla og vera opið fyrir faglegri umræðu og gagnrýni og skal ritstjórn vera í höndum nefndar sem kosin er á aðalfundum félagsins.

Tillaga þessi var samþykkt.

Að lokum var rætt um útgáfu kennslu- og fræðsluefnis í landafræði og hvað hægt væri að gera til þess að efla þessa útgáfu.

#### **FRÆDSLUFERÐIR.**

Í sumar eru fyrirhugaðar fræðsluferðir á vegum Landfræðifélagsins. Hefur verið rætt um að fara í samvinnu við Náttúruverndarfélag Suðvesturlands um Suðurnes og um Suðurlandsundirlendi e.t.v. í samstarfi við Náttúruverndarfélag Suðurlands.

Ferðir þessar verða auglýstar nánar síðar.

#### **NÝTT SÉRRIT.**

Stjórnin vill vekja athygli á Sérriti Landfræðifélagsins nr. 2 sem er nýkomið út. Ritið ber nafnið "Landfræðikennsla í framhaldsskólum" og fjallar um málþing sem félagið stóð fyrir í Námsgagnastofnun 5.maí 1984. Á þessu málþingi var fjallað um landfræðikennslu í framhaldsskólum. Ritið mun verða til sölu í nokkrum bókabúðum en stjórnin hefur einnig ákveðið að bjóða félagsmönnum ritið til kaups. Meðfylgjandi er gíróseðill að upphæð 100 kr. og um leið og greiðsla berst mun ritið verða sent viðkomandi. Stjórnin vonast fastlega til þess að félagsmenn styðji útgáfu sérritanna með því að greiða gíróseðilinn sem fyrst.

Einnig beinir stjórnin því til félagsmanna sem skulda árgjald fyrir 1984 eða fleiri ár að greiða skuldina sem fyrst, ella gæti komið til þess að félagið sæi sér ekki fært að senda þeim Landabréfið.

## BREYTINGAR Á ÚTGÁFU.

Eins og fram kemur í frásögn af aðalfundi félagsins voru ákveðnar breytingar á útgáfumálum. Ákveðið var að framvegis komi fréttabréf félagsins út á hverju hausti, þegar vetrardagskrá liggur fyrir, og svo oft sem þurfa þykir. Stjórn félagsins sér um útgáfu þess.

Hins vegar skal Landabréfið koma út tvisvar á ári og flytja greinar, viðtöl, ritfregnir og viðameira efni. Ritstjórn þess er í höndum ritnefndar sem kosin er á aðalfundi.

Hér kemur því fyrsta tölublað Fréttabréfsins til félagsmanna og vonar stjórnin að þessi nýja tilhögun munu stuðla að meiri og nánari tengslum á milli stjórnar og félagsmanna.

## VATNAFRÆÐIRÁÐSTEFNA.


Fjórtaða Norræna Vatnafræðiráðstefnan 1986 verður að þessu sinni haldin í Reykjavík 11. - 13. ágúst 1986. Yfirskrift hennar er: "Vatnafræðin og beislun vatnsins." Tilkynningar um þátttöku ( án skuldbindingar ) skulu berast undirbúningsnefnd fyrir 1. september 1985 og á sama tíma ber að skila ágrípi af erindum ef um slíkt er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Einarsson,  
Orkustofnun, Grensásvegi 9,  
108 Reykjavík, s: 83600



## ÁLYKTUN UM NÁTTÚRUFRÆDISAFN.

Stjórn Landfræðifélagsins hvetur eindregið til þess að hið fyrsta verði hafist handa um byggingu náttúrufræðisafns í Reykjavík. Undanfarin ár hefur starfsemi Náttúrufræðistofnunar og Náttúrugripasafnsins í Reykjavík verið svo þröngur stakkur skorinn, m.a. vegna húsnæðisskorts, að starfsemin hefur liðið fyrir. Nútímalegt náttúrufræðisafn með aðstöðu til margvíslegra sýninga, fræðslufunda, útgáfustarfsemi, auk fræðsluferða er vel fallið til að auka þekkingu manna á umhverfi sínu og verndun þess og á tengslum þeirra við náttúru landsins.



NÝTT HEIMILISFANG:  
Landfræðifélagið  
c/o Tryggvi Jakobsson  
Leifsgötu 26  
101 Reykjavík.

